

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akraneskaupstaðar vegna þróunarsvæðis Smiðjuvalla.

Skipulagsstofnun staðfesti 4. nóvember 2024 breytingu á aðalskipulagi Akraness 2021-2033 sem samþykkt var í bæjarstjórn 10. september 2024.

Í breytingunni felst að skilgreint er 17,8 ha íbúðarbyggð ÍB-144 fyrir blandaða byggð og við það fellur út athafnasvæði AT-144 og verslunar- og þjónustusvæði VP-146. Jafnframt fellur út ákvæði um þróunarsvæði C fyrir Smiðjuvallasvæðið.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 4. nóvember 2024.*

**Ólafur Árnason.**

B-deild – Útgáfudagur: 18. nóvember 2024